

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 1995

14. mars 1995

305

Nr. 149

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1995.

1. gr.

Frá kl. 20.00 þriðjudaginn 11. apríl 1995 til kl. 10.00 árdegis miðvikudaginn 26. apríl 1995, eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrangi. Þaðan er línan dregin í punkt 63°08'N og 19°57'V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð suður frá Geirfugladrang. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7N og 24°12'V og þaðan í 64°43'7N og 24°26'V og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skorarvita.
2. Fyrir Suðvesturlandi á svæði, sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesi (aukavita).
3. Innan þriggja sjómílna fjarlægðar frá fjörumarki meginlandsins fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi í austur frá Stokksnesi.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru hrognkelsaveiðar, innfjarðarækjuveiðar, hörpudisksveiðar og ígulkeraveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 22

Gutenberg